

**Nr. 20-003 S 003 Örvar SH 777*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 2159  
*Smiðaður*: Noregi 1992  
*Stærð*: 411 brl. 688 bt.  
*Mesta lengd*: 43,21 m *Skráð lengd*: 39 m  
*Breidd*: 9 m *Dýpt*: 6,8 m  
*Vél*: Caterpillar 735 kW  
*Fjöldi skipverja*: 14



Örvar©Hilmar Snorrason

*Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 16. desember 2019 var Örvar SH 777 á línuveiðum á Breiðafirði Veður: A 16 m/sek og mikill sjór.

Skipverjar voru að fara í milliból til að taka línuna en þegar þeir slepptu því aftur kom slinkur á skipið, slaki kom á línuna þegar skipið fór niður á öldu og við það flæktist hún um hægri handlegg eins þeirra. Línan dróst fram eftir handleggnum og hertist utan um þumalfingur. Annar skipverji sem stóð við hliðina á honum náði að skera á línuna og var siglt með slasaða til Ólafsvíkur.

***Við rannsókn kom fram:***

- að millibólið var tekið inn við lúguopið á millipilfarinu;
- að gott pláss var við lúguna og litlar líkur á því að línan flæktist;
- að línuna, sem var fóst við skipið, átti að draga þegar hún flæktist utan um hendina;
- að þegar milliból var tekið voru alltaf tveir skipverjar við lúguopið;
- að þumalfingurinn kramdist illa og var nærri farinn af áður en skorið var á línuna;
- að skipverjinn var með föðraða vettlinga sem hann taldi að hefði líka bjargað einhverju.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu en ljóst þykir að skjót viðbrögð skipverjans sem skar á línuna varð til þess að ekki fór verr.